

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2004.

Efni: Umsögn Félags íslenskra sjóntækjafræðinga við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984 (þskj. 414, 340. mál).

Félag íslenskra sjóntækjafræðinga hefur falið mér að koma á famfæri við heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis umsögn félagsins við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984 (þskj. 414, 340. mál).

Um leið og Félag ísl. sjóntækjafræðinga þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma umsögn sinni á framfæri er eftirfarandi ábendingum komið á framfæri:

1. Félag ísl. sjóntækjafræðinga leyfir sér að senda heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis frumvarp sem það fól mér að semja fyrir ári síðan vegna umræðu á þeim tíma um rýmkun á réttindum sjóntækjafræðinga. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að bæði sjóntækjafræðingar og augnlækna geti sjónmælt en að með reglugerð geti ráðherra takmarkað umfang sjónmælinga sjóntækjafræðinga. Þessi framsetning er Félagi ísl. sjóntækjafræðinga meira að skapi en sú framsetning sem er í því frumvarpi sem hér er veitt umsögn um. Með frumvarpi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er ekki lögfestur réttur sjóntækjafræðinga til sjónmælinga heldur felst í frumvarpinu að löggjafinn framselji ráðherra vald til að setja reglugerð þar sem sjónmælingar sjóntækjafræðinga verði heimilar, með takmörkunum. Engin skylda er sett í frumvarpinu á ráðherra að setja slíka reglugerð. Félag ísl. sjóntækjafræðinga telur því frumvarpið eins og það er orðað ekki tryggja með nægilega öruggum hætti að sjóntækjafræðingar muni fá að sjónmæla, eins og menntun þeirra stendur til, með þeim hætti sem þeim væri heimilt í öllum nágrannalöndum, störfuðu þeir þar. Félagið leyfir sér því að mótmæla því að frumvarpið skuli ekki afdráttarlausara en raun ber vitni.
2. Félag ísl. sjóntækjafræðinga gerir ekki athugasemd við að menntunarskilyrði verði sett varðandi sjóntækjafræðinga sem sjónmæli og hefur félagið raunar sjálft bent á það að innan vébanda félagsins væru nokkrir sjóntækjafræðingar sem ekki hafa menntun til sjónmælinga. Í því sambandi er sérstaklega vísað til ákvæðis til bráðabirgða í því frumvarpi sem ég samdi fyrir félagið fyrir réttu ári síðan. Vegna áherslu á menntun sjóntækjafræðinga til sjónmælinga telur Félag ísl. sjóntækjafræðinga hins vega fulla ástæðu til að gera sambærilegar kröfur til menntunar augnlækna til sjónmælinga. Í því sambandi er sérstök ástæða til að benda á að í greinargerð landlæknisembættisins um málið, sem fylgir sem fylgiskjal með frumvarpinu, kemur fram að nokkuð sé um að kvartanir berist embættinu um að mælingar fyrir gleraugum hafi ekki verið réttar og að þessar kvartanir hafi fyrst og fremst beinst að augnlæknum. Félag ísl. sjóntækjafræðinga fullyrðir að menntun þeirra á sviði sjónmælinga sé síst minni en menntun augnlækna á þessu sviði og sennilega verulega meiri. Félagið telur því eðlilegt að heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis kanni hvort ekki sé ástæða til að

með reglugerð verði sett skilyrði um menntun augnlækna og sjóntækjafræðinga vegna sjónlagsmælinga, bæði vegna gleraugna og vegna snertilinsa.

3. Félag ísl. sjóntækjafræðinga lýsir undrun sinni á því að embætti landlæknis skuli í greinargerð sinni segja að við setningu hugsanlegra takmarkana á sjónmælingum sjóntækjafræðinga eigi að hafa hliðsjón af sambærilegum takmörkunum í nágrannalöndunum en síðan ganga mun lengra í tillögum sínum í takmörkunarátt en gert er þar. Má í því sambandi nefna að í tillögum landlæknisembættisins er gert ráð fyrir að sjóntækjafræðingar megi ekki sjónmæla börn undir 12 ára aldri. Í nágrannalöndunum er miðað við 8 og 10 ár í þessu sambandi. Þá er nauðsynlegt að benda á að í Noregi hafa allar takmarkanir á sjónmælingum sjóntækjafræðinga verið felldar niður. Í ljósi þess hvaða tilhneiging virðist vera til að takmarka heimild sjóntækjafræðinga til sjónmælinga í þeim tillögum sem fyrir liggja telur Félag ísl. sjóntækjafræðinga þeim mun mikilvægara að í lögnum sjálfum verði ótvírætt ákvæði um það að sjóntækjafræðingum sé heimilt að sjónmæla og að takmarkanir þær sem settar verði verði þær sömu og í nágrannalöndunum en ekki meiri.

Eins og áður er rakið kýs Félag ísl. sjóntækjafræðinga helst að lagabreyting sú sem áformað er að gera á lögum um sjóntækjafræðinga verði sem líkust því frumvarpi sem þeir fólu mér að semja fyrir réttu ári síðan. Frumvarpið fylgir hjálagt.

Vilji heilbrigðis- og trygginganefnd fremur byggja á framsetningu í fyrirbyggjandi frumvarpi þá leggur Félag ísl. sjóntækjafræðinga til að orðalag 5. gr. verði svohljóðandi:


Sjóntækjafræðingar fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis eða sjóntækjafræðings, sem fullnægja menntunarskilyrðum til sjón- og snertilinsumælinga, sbr. 2. mgr.

Ráðherra skal með reglugerð setja menntunarskilyrði fyrir augnlækna og sjóntækjafræðinga vegna sjónlagsmælinga. Embætti landlæknis skal fylgjast með því að augnlæknar og sjóntækjafræðingar sem hyggjast stunda sjónlagsmælingar uppfylli menntunarskilyrðin.

Félag ísl. sjóntækjafræðinga vísar a.ö.l. til greinargerðar sem ég tók saman fyrir félagið fyrir liðlega tveimur árum síðan um stöðu sjóntækjafræðinga hér á landi og í Evrópu. Upplýst er að Ísland er eina landið fyrir utan Grikkland sem ekki leyfir sjóntækjafræðingum að nýta menntun sína og sjónmæla.

Félag ísl. sjóntækjafræðinga leyfir sér sérstaklega að mótmæla fullyrðingum Augnlæknafélags Íslands um það að með því að leyfa sjóntækjafræðingum augnmælingar verði stórt skref stigið afturábak hvað varðar augnheilsu landsmanna. Hér eru örökstuddar fullyrðingar á ferð sem Félag ísl. sjóntækjafræðinga getur ekki setið undir.

Með virðingu



Dögg Pálsdóttir hrl.

Hjálagt:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga frá 14. febrúar 2003.

Afrit:

Félag ísl. sjóntækjafræðinga.

Drög 14. febrúar 2003

**Frumvarp til laga
um breyting á lögum nr. 17 24. apríl 1984 um
sjóntækjafræðinga**

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003)

1. gr.

5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Sjóntækjafræðingar fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) samkvæmt tilvísun og/eða forskrift sjóntækjafræðings eða augnlæknis.

2. gr.

10. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð, að fengnum tillögum Félags íslenskra sjóntækjafræðinga, sett reglur sem takmarka umfang sjónmælinga sem sjóntækjafræðingar mega framkvæma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Sjóntækjafræðingar, sem fengið hafa leyfi sem slíkir samkvæmt lögum þessum, en sem ekki hafa lokið námi í sjónmælingum, er þrátt fyrir ákvæði laganna óheimilt að sjónmæla fyrr en þeir hafa sýnt fram á að þeir hafi lokið nauðsynlegu námi í sjónmælingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Setning laga um sjóntækjafræðinga nr. 17/1984 hafði nokkurn aðdraganda. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði tvívegis, 1976 og 1977, lagt fyrir Alþingi lagafrumvörp um þessa heilbrigðisstétt sem dögudu uppi. Í bæði skiptin var gert ráð fyrir að sjóntækjafræðingar gætu sjónmælt, með takmörkunum þó. Frumvarpið frá 1976 gerði greinarmun á gleraugnafræðingum og sjónfræðingum þannig að sjónfræðingar fengu heimild til að framleiða og selja sjónhjálpartæki eftir sjónmælingum augnlækna sem og eigin sjónlagsmælingu á sjúklingi með ákveðnum takmörkunum þó en gleraugnafræðingar, ásamt sjónfræðingum gátu framleitt og selt sjónhjálpartæki. Frumvarpið frá 1976 gerði ráð fyrir þeirri takmörkun á sjónmælingum sjónfræðinga að þeir mættu ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki án fyrisagnar augnlæknis til eftirfarandi aðila:

1. Barna undir 10 ára aldri.
2. Sjúklings, sem aldrei hefði áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón.
3. Sjúklings, sem ætla mátti að þjáðist af augnsjúkdómum eða öðrum kvillum, sem skaðlegir gætu verið sjóninni.
4. Sjúklings sem náð hefði 45 ára aldri.
5. Sjúklings, ef ekki næðist betri sjónskerpa (visus) en 6/12.
6. Sjúklings sem sjónskerpa hefði lækkað hjá á stuttum tíma.

7. Strabismus sjúklings.
8. Aftaki sjúklings.

Þessar takmarkanir voru sambærilegar þeim meginreglum sem þá höfðu nýlega verið settar á öllum hinum Norðurlöndunum um störf sjóntækjafræðinga, þ.e. Finnlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Haustið 1977 mælti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ný fyrir frumvarpi til laga um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga. Þá höfðu smávægilegar breytingar verið verið gerðar á frumvarpinu frá því að það var lagt fram 1976.

Eins og áður segir döguðu bæði frumvörpin uppi. Nokkuð hlé varð á tilraunum til að setja lög um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga. Skipuð var nefnd í desember í árslok 1982 sem falið var m.a. það verkefni að gera tillögur um skipulagningu sjónverndar í landinu með hliðsjón af gleraugnaverslun. Nefndin taldi brýna þörf til að setja reglur um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga, þ.e.a.s. þeirra aðila er annast sölu og vinnslu gleraugna, en á þeim vettvangi gildi engar reglur. Haustið 1983 mæti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra enn fyrir frumvarpi til laga um gleraugnafræðinga. Fram kom í framsöguræðu ráðherra að tvívegis hefði verið reynt að ná fram lögum á þessu sviði en það ekki tekist vegna andstöðu lækna við sjónmælingum annarra en þeirra. Nauðsynlegt væri að löggilda störf þessarar heilbrigðisstéttar og því yrði að lögfesta ákvæði um stéttina.

Frumvarpið gerði ráð fyrir að sjóntækjafræðingar, eins og stéttin var nú kölluð, gæti einvörðungu fullunnið og selt sjónhjálpartæki, en ekki mælt fyrir þeim.

Fyrir setningu laga um sjóntækjafræðinga var litið svo á að þeir sem störfuðu á þessu sviði hér á landi hefðu heimild til að mæla fyrir sjónhjálpartækjum. Þetta kemur fram í framsögu ráðherra á sínum tíma. Með setningu laga nr. 17/1984 um sjóntækjafræðinga er samkvæmt lagatextanum þessi heimild tekinn af þeim sem fá löggildingu sem sjóntækjafræðingar.

Eftir sem áður hafa sjóntækjafræðingar, sem lært hafa sjónmælingar í námi sínu, bæði fyrir og eftir gildistöku laganna 1984 mælt fyrir og afgreitt snertilinsur. Lögin leggja þó bann við því, sbr. skýrt orðalag 2. málsg. 5. gr. laganna um að sjóntækjafræðingi sé einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis. Það hefur verið á allra vitorði að sjóntækjafræðingar hafa mælt fyrir snertilinsum og hafa heilbrigðisyfirvöld látið þá starfsemi þeirra afskiptalaus. Með sama hætti hafa þessir sömu sjóntækjafræðingar sjónmælt fyrir gleraugum um árabíl, þótt minna hafi farið fyrir þeirri starfsemi.

Félag íslenskra sjóntækjafræðinga hefur um árabíl farið fram á það að ákvæðum laga yrði breytt þannig að sjóntækjafræðingar, sem lært hafa sjónmælingar, fái að sjónmæla, þótt með einhverjum takmörkunum yrði.

Með frumvarpi þessu er þannig gert ráð fyrir að þeir sjóntækjafræðingar sem nú hafa starfsleyfi hér á landi og sem lært hafa sjónmælingar í námi sínu, geti afgreitt sjónhjálpartæki samkvæmt eigin tilvísun eða forskrift eða samkvæmt tilvísun eða forskrift augnlæknis. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að umfang sjónmælinga sjóntækjafræðinga verði takmarkað, t.d. við aldur eða sérstaka sjúkdóma. Loks er í ákvæði til bráðabirgða sérstaklega tekið fram að þeir sjóntækjafræðingar, sem nú hafa starfsleyfi og sem aldrei hafa lært sjónmælingar, megi ekki sjónmæla fyrr en þeir hafa sýnt fram á að þeir hafi lokið nauðsynlegu námi í sjónmælingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru gerðar tvær breytingar á 5. gr. laganna. Annars vegar er 1. mgr. 5. gr. felld niður þannig að framvegis geta fleiri en sjóntækjafræðingar annast almenna sölu sjónhjálpartækja. Er það til samræmis við það sem viðgengist hefur um árabíl. Einstaklingar hafa getað keypt stöðluð gleraugu í stórmörkuðum og víðar og mælt sjálfir hvaða styrkleika þeir telja sig þurfa. Með sama hætti hafa augnlæknar sem sjónmæla fyrir snertilinum einnig annast sölu þeirra. Við þessu hefur ekki verið amast af hálfu heilbrigðisyfirvalda þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að sjóntækjafræðingar einir geti selt sjónhjálpartæki. Eðlilegt þykir að breyta þessu ákvæði í samræmi við þróun og því er það felld niður.

Hins vegar er gerð sú breyting á 1. mgr. 5. gr., sem verður eina málsgrein ákvæðisins að sjóntækjafræðingar geti fullunnið og selt sjónhjálpartæki samkvæmt tilvísun og/eða forskrift sjóntækjafræðings eða augnlæknis. Í gildandi lögum er eins og áður er rakið eingöngu gert ráð fyrir að læknar geti mælt fyrir sjónhjálpartækjum og takmarka lögin framkvæmd sjónmælinga ekki við augnlækna. Þróun mála hefur orðið með þeim hætti sem að framan er rakin og því er ákvæðinu breytt þannig að lög heimili sjóntækjafræðingum að sjónmæla.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir veita ráðherra heimild til að setja reglugerð þar sem megi takmarka umfang sjónmælinga sem sjóntækjafræðingar mega framkvæma. Takmarkanir þessar munu hafa verið felldar niður í nágrannalöndunum og við setningu slíkrar reglugerðar er eðlilegt að hafa hliðsjón af stöðu mála þar. Þá þykir eðlilegt að slík reglugerð verði ekki sett nema að fengnum tillögum Félags íslenskra sjóntækjafræðinga.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Flestir sjóntækjafræðingar sem fengið hafa löggildingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 17/1984 hafi lært sjónmælingar í námi sínu. Fyrir liggur að nokkrir sjóntækjafræðingar með löggildingu hafa þó ekki lokið slíku námi. Nauðsynlegt er því að taka það skýrt fram í lögum að löggiltir sjóntækjafræðingar sem ekki hafa lært sjónmælingar mega ekki, þrátt fyrir þessar breytingar, sjónmæla. Ef þessir sjóntækjafræðingar bæta við sig námi í sjónmælingum þá geta þeir á grundvelli þeirra lagabreytinga sem hér eru lagðar til, sjónmælt eftir að því námi er lokið. Verður að ætla að embætti landlæknis muni fylgjast með að þeir sjóntækjafræðingar sem hér eiga hlut að máli sjónmæli ekki fyrr en að loknu slíku námi.